Hafnarfjörður

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Hafnarfirði, 29. október 2026
Málsnúmer: 2602450

Skjal sótt af '2607765769' dags: 06.11.2026

Hagræðingaraðgerðir og fækkun stöðugilda í stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar

Lagt er til að bæjarráð samþykki framlagðar tillögur að hagræðingaraðgerðum í stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Jafnframt er lagt til að bæjarráð samþykki þann framkvæmdarramma sem lýst er í greinargerð. Gert er ráð fyrir að aðgerðirnar leiði til nettófækkunar um 18,6 stöðugildi í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Markmiðið með tillögunum er að bregðast við fjárhagsstöðu Hafnarfjarðarkaupstaðar og er liður í að tryggja sjálfbærni í rekstri sveitarfélagsins til lengri tíma og koma í veg fyrir að hún verði alvarlegri. Aðgerðirnar miða að því að lækka rekstrarkostnað bæjarsjóðs, draga úr kostnaði við stjórnsýslu, einfalda skipulag og bæta nýtingu fjármuna og mannauðs. Með því er stefnt að því að styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins, tryggja að reglulegar tekjur standi undir lögbundinni þjónustu og öðrum rekstrarskuldbindingum og skapa fjárhagslegt svigrúm til að standa undir afborgunum lána og sjálfbærni í fjármögnun fjárfestinga. Jafnframt er markmiðið að styrkja getu sveitarfélagsins til að uppfylla fjármálareglur sveitarstjórnarlaga og tryggja ábyrgan rekstur til framtíðar.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Störf lögð niður: Gert er ráð fyrir að 23 störf, sem samtals nema 21,6 stöðugildum, verði lögð niður. Aðgerðirnar taka til stjórnunar-, sérfræði- og stoðstarfa á öllum sviðum sveitarfélagsins.

   Þremur starfsmönnum sem gegna störfum sem lögð eru niður verður boðið nýtt starf hjá sveitarfélaginu og fækkar stöðugildum því alls um 18,6. Fækkun stöðugilda nær til allra sviða og um er að ræða: stjórnendastörf, sérfræði- og ráðgjafarstörf og störf í stoðþjónustu. Sjá nánari útfærslu í greinargerð. Í tillögu þessari er hugtakið stjórnsýsla notað um stjórnunar-, sérfræði- og stoðstörf sveitarfélagsins sem hafa það meginhlutverk að stýra, samræma, styðja eða veita faglega ráðgjöf í starfsemi bæjarins .

2. Fjárheimildir lækkaðar: Fjárheimildir sviða verði lækkaðar í fjárhagsáætlun 2027 sem nemur áætluðum áhrifum aðgerðanna á árinu 2027. Áætlað er að hagræðingaraðgerðirnar leiði til varanlegrar lækkunar rekstrarkostnaðar um 330 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að kostnaðarlækkunin komi fram að hluta á árinu 2027, eftir því sem greiðslum vegna starfsloka starfsfólks lýkur, en að full árleg kostnaðarlækkun náist frá og með árinu 2028.

3. Takmarkanir á ráðningum: Teknar verði upp aðgerðir sem takmarka ráðningar hjá sveitarfélaginu. Laus staða felur ekki sjálfkrafa í sér heimild til að ráða í starfið að nýju. Allar

ráðningar í störf utan grunnþjónustu skulu lagðar fyrir ráðningarnefnd. Í grunnþjónustu, þ.e. í leikskólum, grunnskólum og á heimilum fyrir fatlað fólk, er heimilt að endurráða vegna eðlilegrar starfsmannaveltu án samþykkis ráðningarnefndar að uppfylltum skilyrðum. Bæjarstjóra verði falið að útfæra og innleiða fyrirhugaðar breytingar í samráði við mannauðsstjóra.

Bæjarráð felur jafnframt bæjarstjóra að útfæra og framkvæma breytingarnar í samræmi við markmið þeirra í samvinnu við sviðsstjóra og mannauðsstjóra. Við framkvæmdina skal fylgja lögum, kjarasamningum, samþykktum bæjarins og gildandi valdheimildum. Framkvæmdin skal jafnframt taka mið af lögbundnu samráði, eftir því sem við á, og tryggja að lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins verði áfram sinnt.

Samþykkt bæjarráðs felur ekki í sér ákvörðun um ráðningarsamband nafngreindra starfsmanna. Einstakar ákvarðanir um breytingu starfa, tilfærslu eða uppsögn skulu teknar af þeim aðila sem fer með viðkomandi ráðningar- eða uppsagnarvald, að lokinni viðeigandi málsmeðferð.

Bæjarstjóri leggi stöðuskýrslu um framvindu fyrir bæjarráð mánaðarlega þar til breytingunum er lokið. Sjá nánari útfærslu í greinargerð.

Greinargerð

Á undanförnum mánuðum hefur sveitarfélagið unnið markvisst að greiningu á fjárhagsstöðu sinni, rekstrarforsendum og mögulegum úrbótum. Fyrir liggja niðurstöður árshlutareiknings 30. júní 2026 sem sýna verri stöðu en áður hafði verið gert ráð fyrir.

Jafnframt hefur KPMG unnið greiningu fyrir sveitarfélagið á rekstrarstöðu, fjármunamyndun[1] og framtíðarhorfum. Þótt sú vinna sé enn í þróun hafa fyrirliggjandi niðurstöður bent til þess að grunnrekstur A-hluta sé ekki sjálfbær til lengri tíma án aðgerða sem bæta rekstrarniðurstöðu, styrkja fjármunamyndun og draga úr rekstrarkostnaði. Greiningin hefur jafnframt bent á að mikilvægt sé að ráðast í aðgerðir á sviði skipulags, stjórnunar, mannauðs og rekstrar til að styrkja fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins.

Tillaga þessi byggir á þeim fjárhagslegu forsendum sem fram koma í árshlutareikningi sveitarfélagsins og sjálfstæðu mati stjórnenda á verkefnum, skipulagi og mönnun einstakra sviða. Jafnframt hefur verið tekið mið af ábendingum og greiningum sem fram hafa komið í vinnu KPMG og annarri greiningarvinnu sem unnin hefur verið fyrir sveitarfélagið.

Megintilgangur tillögunnar er því að bregðast við fjárhagsstöðu Hafnarfjarðarkaupstaðar, eins og hún birtist í árshlutareikningi sveitarfélagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2026, og koma í veg fyrir að hún versni. Tillagan miðar að því að lækka rekstrarkostnað bæjarsjóðs, draga úr kostnaði við stjórnsýslu, einfalda skipulag og styrkja fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélagsins. Markmiðið er að reglulegar tekjur standi undir lögbundinni þjónustu og öðrum rekstrarútgjöldum, jafnframt því að

[1] Fjármunamyndun rekstrar, þ.e. það fjármagn sem reksturinn skapar til að standa undir afborgunum skulda og fjárfestingum, hefur verið ófullnægjandi. Fyrirliggjandi greining bendir til þess að rekstur A-hluta myndi ekki nægilegt fjármagn til að standa undir núverandi greiðslubyrði og fjárfestingaþörf.

Skjal sótt af '2607765769' dags: 06.11.2026

tryggja fjárhagslegt svigrúm til afborgana lána og eigin fjármögnunar fjárfestinga, í samræmi við fjármálareglur 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Á fyrri árshelmingi 2026 var rekstrarniðurstaða A-hluta neikvæð um 2.360 m.kr., þrátt fyrir að fjárhagsáætlun hefði gert ráð fyrir 435 m.kr. afgangi. Þá nam veltufé frá rekstri einungis um 3% af afborgunum lána og skuldbindinga. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að ráðast í aðgerðir til að bæta rekstrarafkomu og styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Fyrirhugaðar breytingar beinast að stjórnsýslu sveitarfélagsins, þar sem eru um 170 stöðugildi, og fela meðal annars í sér endurskoðun á verkefnaskiptingu, samþættingu verkefna og fækkun stöðugilda með það að markmiði að ná fram varanlegri hagræðingu í rekstri.

Þar af verða 21,6 stöðugildi lögð niður. Um 4,0 stöðugildanna eru stjórnendastöður. Þremur starfsmönnum sem gegna störfum sem lögð eru niður verður boðið annað starf hjá sveitarfélaginu. Nettófækkun stöðugilda í stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar nemur 18,6 stöðugildum.

Fjárhagsleg heildaráhrif breytinganna á útgjöld eru áætluð um 330 m.kr. á ársgrundvelli í launakostnaði, að meðtöldum launatengdum gjöldum, þegar þær hafa komið fram að fullu. Fjárhagsleg áhrif koma að hluta fram á árinu 2027, eftir því sem uppsagnarfrestum og áunnum réttindum lýkur, en full áhrif nást á árinu 2028.

Fjárheimildir sviða verða lækkaðar sem nemur hagræðingunni við gerð fjárhagsáætlunar 2027. Lækkunin kemur til framkvæmda eftir því sem stöðugildi falla niður og uppsagnarfrestur rennur út.

Tilefni: fjárhagsleg staða sveitarfélagsins

Fyrir liggur að núverandi rekstrarstaða Hafnarfjarðarkaupstaðar stendur ekki undir afborgunum lána og skuldbindinga, og afborganir og fjárfestingar eru í vaxandi mæli fjármagnaðar með nýjum lánum. Árshlutareikningur 30. júní 2026 sýnir að staðan hefur versnað verulega á árinu 2026 og að rekstur fyrri árshelmings var langt undir áætlun.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 2.360 m.kr. á

fyrri árshelmingi 2026, en áætlun gerði ráð fyrir 435 m.kr. afgangi. Frávikið er 2,8 ma.kr. Halli A-hluta tvöfaldaðist frá sama tímabili 2025, þegar hann nam 1.152 m.kr. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var neikvæð um 1.907 m.kr., en áætlun gerði ráð fyrir 887 m.kr. afgangi.

A-hluti, jan.–jún. (m.kr.)	2026	Áætlun 2026	2025
Rekstrartekjur	24.240	25.264	23.034
Laun og launatengd gjöld	12.874	12.591	12.441
Annar rekstrarkostnaður	10.499	9.501	9.301
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	335	2.639	735
Fjármagnsgjöld, nettó	−1.942	−1.471	−1.217
Rekstrarniðurstaða	**−2.360**	**435**	**−1.152**
Veltufé frá rekstri	58	402	299

Heimild: Árshlutareikningur Hafnarfjarðarbæjar 30. júní 2026.

Skjal sótt af '2607765769' dags: 06.11.2026

Hafnarfjörður

Frávikið skýrist bæði af tekjum og gjöldum. Sala byggingarréttar skilaði 55 m.kr. á móti 1.587 m.kr. í áætlun. Annar rekstrarkostnaður var 998 m.kr. umfram áætlun og hækkaði um 12,9% milli ára, og laun voru 283 m.kr. umfram áætlun. Fjármagnsgjöld hækkuðu um 60% milli ára, einkum vegna verðbóta.

Undirliggjandi rekstur. Þegar tekjum af sölu byggingarréttar, söluhagnaði og reiknaðri breytingu lífeyrisskuldbindingar er haldið utan, og lífeyrir færður á greiðslugrunni, var undirliggjandi halli A-hluta um 2,7 ma.kr. á fyrri árshelmingi 2026, á móti 1,6 ma.kr. á sama tíma 2025. Árið 2025 var hann um 3,0 ma.kr. Vandinn er því kostnaðarvöxtur sem ekki verður leystur með lóðasölu, enda eru slíkar tekjur sveiflukenndar og gatnagerðargjöldum er að lögum ætlað að standa undir gatnagerð.

Veltufé frá rekstri stendur ekki undir afborgunum. Veltufé frá rekstri A-hluta nam 58 m.kr. á fyrri árshelmingi, eða 0,2% af rekstrartekjum. Á sama tíma greiddi A-hluti 1.019 m.kr. í afborganir langtímalána, 145 m.kr. í afborganir leiguskulda og 544 m.kr. vegna lífeyrisskuldbindinga, samtals 1.708 m.kr. Veltufé stóð því undir um 3% af afborgunum. Til samanburðar stóð veltufé frá rekstri undir um 20% af afborgunum fyrir allt árið 2025 (681 m.kr. á móti 3.419 m.kr.). Á fyrri árshelmingi 2026 var því ekkert veltufé til ráðstöfunar sem eigið framlag til fjárfestinga, sem námu 2.872 m.kr. á tímabilinu.

Viðmið eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur sett lágmarksviðmið fyrir A-hluta sem byggja á veltufé frá rekstri. Annars vegar skal veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstrartekjum nema að lágmarki 5% af skuldaviðmiði A-hluta. Hins vegar skal veltufé frá rekstri standa að fullu undir afborgunum lána og skuldbindinga, þ.e. hlutfallið skal vera yfir 1. Viðmiðin eru ekki lögbundin, en nefndin byggir á þeim við eftirlit sitt og óskar skýringa frá sveitarfélögum sem ekki uppfylla þau. Skuldaviðmið A-hluta var 104% í árslok 2025 og lágmarkið er því um 5,2% af rekstrartekjum, sem svarar til um 1.260 m.kr. á fyrri árshelmingi 2026. Veltufé frá rekstri nam hins vegar 58 m.kr., eða 0,2% af rekstrartekjum, og hlutfall veltufjár á móti afborgunum var 3%. Hafnarfjarðarkaupstaður uppfyllir því hvorugt viðmiðið, og á árinu 2025 í heild stóð veltufé einungis undir um 20% af afborgunum.

Skuldir vaxa hratt. Til að mæta þessu tók A-hluti 2.545 m.kr. í ný langtímalán á fyrri árshelmingi. Skuldir A-hluta við lánastofnanir hækkuðu um 3,1 ma.kr., eða 8,7%, á sex mánuðum, úr 35,2 ma.kr. í 38,3 ma.kr. Eigið fé A-hluta lækkaði á sama tíma um 15%, úr 15,4 ma.kr. í 13,0 ma.kr., og handbært fé var 204 m.kr. í lok júní. Samkvæmt ársreikningi 2025 hækka afborganir langtímalána A-hluta í 2,0–2,1 ma.kr. á ári árin 2027–2028 og í 3,6 ma.kr. árið 2029, auk um 1,25 ma.kr. árlegra lífeyrisgreiðslna. Við óbreyttan rekstur þarf A-hluti því að taka 2,7–3,2 ma.kr. að láni á ári árin 2027–2028 og 4,1–4,6 ma.kr. árið 2029 til þess eins að standa í skilum, áður en kemur að fjárfestingum.

Fjármálareglur sveitarstjórnarlaga og sjálfbærni í rekstri

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að haga rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna þannig að sveitarfélagið geti til framtíðar sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Lögin setja tvö töluleg viðmið, jafnvægisreglu og skuldareglu:

Viðmið, 64. gr.	Krafa	Staða
Jafnvægisregla (1. tölul. 2. mgr.)	Heildarútgjöld A- og B-hluta á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en reglulegar tekjur	Fullnægt m.v. ársreikning 2025, en hvílir á einskiptistekjum; halli A- og B-hluta 1.907 m.kr. á fyrri árshelmingi 2026 gengur hratt á svigrúmið

Skjal sótt af '2607765769' dags: 06.11.2026

Viðmið, 64. gr.	Krafa	Staða
Skuldaregla (2. tölul. 2. mgr.)	Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum	Skuldaviðmið 97% í árslok 2025 (A-hluti 104%); heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta 75,3 ma.kr. 30. júní 2026, um 139% af reglulegum tekjum á ársgrundvelli fyrir frádrátt skv. reglugerð nr. 502/2012

Sveitarfélagið uppfyllir því enn formleg viðmið laganna, en fjárhagsstaðan er hratt versnandi. Jafnvægisregla miðast við þriggja ára rekstrartímabil, og haldi hallarekstur áfram af sama þunga verður hún ekki uppfyllt. Skuldahlutfall hefur jafnframt hækkað ár frá ári.

Fjármálareglurnar eru lágmarkskröfur, en skylda sveitarstjórnar samkvæmt 1. mgr. 64. gr. er víðtækari: að tryggja sjálfbæran rekstur til framtíðar. Sjálfbær rekstur felur í sér að reglulegur rekstur skili nægu veltufé til að greiða afborganir lána og standa við aðrar skuldbindinga og fjármagna eigið framlag sveitarfélagsins til nauðsynlegra fjárfestinga. Ef það tekst ekki eru afborganir greiddar með nýjum lánum, skuldir vaxa án þess að eignastaða batni eða þjónusta aukist með samsvarandi hætti. Hávaxta- og verðbótagjöld þrengja einnig enn frekar að rekstri.

Til að ná sjálfbærni þarf rekstur A-hluta að batna um 2,7–3,0 ma.kr. á ári. Þá yrði undirliggjandi rekstrarniðurstaða jákvæð og veltufé frá rekstri stæði undir afborgunum lána, leiguskulda og lífeyrisskuldbindinga. Fjárhæðin svarar til um 6–7% af rekstrarútgjöldum A-hluta. Það bil verður ekki brúað með einni aðgerð, heldur þarf að grípa til samþættra aðgerða á útgjalda- og tekjuhlið og endurskoða fjárfestingaráætlun. Fækkun stöðugilda í stjórnsýslu mun brúa um 12–17% af bilinu.

Nauðsynlegt er að bregðast við strax þar sem hver mánuður sem líður án aðgerða eykur lánsfjárþörf og vaxtakostnað og mun leiða af sér umfangsmeiri aðgerðir.

Forsendur og afmörkun hagræðingaraðgerðanna

Við undirbúning tillögunnar var lagt mat á starfsemi, verkefni, skipulag og mönnun einstakra sviða sveitarfélagsins. Byggt var á fjárhagslegum forsendum sveitarfélagsins, innri greiningu stjórnenda og þeirri vinnu sem unnin hefur verið við greiningu á stjórnsýslu og skipulagi starfseminnar.

Við mat á mögulegum hagræðingaraðgerðum var ekki gengið út frá því að öll svið skyldu bera sama hlutfallslega niðurskurð eða sömu fækkun stöðugilda. Í stað þess var leitast við að greina á hvaða sviðum og í hvaða verkefnum raunhæft væri að ná fram varanlegri hagræðingu með sem minnstum áhrifum á lögbundna þjónustu og kjarnaverkefni sveitarfélagsins.

Í greiningunni var meðal annars horft til stjórnunarþátta, stærðar skipulagseininga, verkefna sem skarast milli eininga, stoðþjónustu, sérfræðiverkefna, tímabundinna verkefna, ríkisfjármagnaðra verkefna og möguleika til samþættingar eða tilfærslu verkefna.

Af þeim sökum er umfang aðgerðanna mismunandi milli sviða. Sá munur endurspeglast í þeim hagræðingarmöguleikum sem taldir voru vera fyrir hendi á hverju sviði og áhrifum þeirra á þjónustu sveitarfélagsins.

Markmið aðgerðanna er þannig að ná fram varanlegri hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins í heild með hliðsjón af rekstrarlegum forsendum, lögbundnum skyldum sveitarfélagsins og þjónustuþörf íbúa.

Skjal sótt af '2607765769' dags: 06.11.2026

Hafnarfjörður

Við undirbúning tillögunnar voru jafnframt skoðaðir möguleikar til breytinga á verkefnum, skipulagi og starfsháttum áður en til fækkunar stöðugilda kæmi.

Fækkun stöðugilda og einkenni aðgerðanna

Fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir beinast að stærstum hluta að miðlægri stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Aðgerðirnar fela í sér fækkun stöðugilda og stjórnsýslueininga, meðal annars með niðurlagningu deilda og flutningi verkefna þeirra til annarra deilda, sameiningu starfa, samþættingu verkefna og endurskoðun á verkaskiptingu og ábyrgð. Jafnframt er gert ráð fyrir endurskoðun á verklagi og umfangi tiltekinna verkefna með hliðsjón af lögbundnum skyldum sveitarfélagsins, forgangsröðun verkefna og fjárhagslegu svigrúmi. Markmiðið er að einfalda stjórnskipulag sveitarfélagsins, draga úr kostnaði við stjórnsýslu og yfirbyggingu, bæta nýtingu mannauðs og að umfang verkefna taki mið af fjárhagslegum forsendum. Með aðgerðunum er stefnt að varanlegri hagræðingu í rekstri, jafnframt því sem leitast er við að tryggja áfram lögbundna þjónustu sveitarfélagsins.

Leið	Stöðugildi	Störf
Störf lögð niður	-21,6	-23
Boð um nýtt starf	3,0	3
Nettóáhrif stöðugilda og á bæjarsjóð	**18,6**	20

Einkenni aðgerðanna eru eftirfarandi:

- **Fækkun stjórnunareininga.** Um 4,0 stöðugildi eru stjórnendastöður, þar á meðal þrjár deildarstjórastöður. Deildir og einingar með fáa starfsmenn verða sameinaðar stærri einingum, og hver stjórnandi ber ábyrgð á stærri hluta starfseminnar. Það styttir boðleiðir og skýrir ábyrgð.
- **Ríkisfjármögnuð verkefni.** Um 7,0 stöðugildi tengjast verkefnum sem ríkið hefur fjármagnað, einkum samræmdri móttöku flóttafólks og innleiðingu laga um farsæld barna. Sveitarfélagið hefur endurmetið umfang og skipulag þessara verkefna út frá lögbundnum skyldum sínum, forgangsröðun og fjárhagsstöðu. Lögbundnum skyldum, svo sem samþættingu þjónustu samkvæmt lögum nr. 86/2021 og almennri félagsþjónustu, verður áfram sinnt af ráðgjöfum með sértæka þekkingu, innan starfsemi sviðanna. Sú niðurstaða byggir á skipulagi og forgangsröðun sveitarfélagsins og er ekki háð ákvörðunum ríkisins um fjárveitingar til verkefnanna. Breytist framlög ríkisins síðar verður metið hvernig þeim verði best ráðstafað innan þess skipulags sem hér er lagt til.
- **Sérfræðistörf samræmd.** Fækkað verður í hópi sérfræðinga, ráðgjafa og starfsfólks í stoðþjónustu þar sem verkefni skarast milli eininga, og verkefnum þeirra sem eftir eru forgangsraðað út frá lögbundinni þjónustu og þau endurskipulögð. Fækkunin nemur 10,6 stöðugildum.

Fjöldi stöðugilda í upptalningunni hér að framan er brúttófjöldi, samtals 21,6 stöðugildi. Þremur starfsmönnum sem gegna störfum sem lögð eru niður verður boðið nýtt starf hjá sveitarfélaginu og fækkar stöðugildum því um 18,6 nettó. Ákvörðun um að leggja niður starf ræðst af verkefnum og skipulagi. Þar sem fækkað er í hópi sambærilegra starfa verður valið byggt á skriflegum samanburði

Skjal sótt af '2607765769' dags: 06.11 2026

eftir málefnalegum viðmiðum sem ákveðin eru fyrir fram og byggja á hæfniskröfulýsingum þeirra starfa sem um ræðir.

Áhrif á þjónustu. Fækkunin nær fyrst og fremst til miðlægrar stjórnsýslu og stoðþjónustu. Hvert svið hefur metið hvaða verkefnum verður hætt, hver verða flutt til og sameinuð öðrum eða unnin með öðrum hætti t.d. með nýtingu upplýsingatækni. Markmiðið er að lágmarka áhrif á lögbundna þjónustu og að biðtími eftir þjónustu verði með sama hætti og áður.

Fjárhagsleg áhrif

Þegar breytingarnar hafa komið fram að fullu lækkar launakostnaður bæjarsjóðs um 330 m.kr. Það svarar til um 1,3% af launakostnaði A-hluta á ársgrundvelli.

Þórður Þórarinsson
bæjarstjóri

Skjal sótt af '2607765769' dags: 06.11 2026